



Selfossi, 14.3.2025

Fundargerð stjórnar

26. fundur stjórnar *Brunavarna Árnessýslu* haldinn föstudaginn 14. mars 2025, kl. 8:00 í Björgunarmiðstöðinni á Selfossi og á teams.

Mætt: Helgi Kjartansson (formaður) (á teams), Fjóla Steindóra Kristinsdóttir (á teams), Sandra Sigurðardóttir (á teams), Árni Eiríksson (á teams), Bragi Bjarnason, Pétur Pétursson, Lárus Kristinn Guðmundsson og Unna Björg Ögmundsdóttir sem ritaði fundargerð.

1. **Ársreikningur BÁ 2024**

Pétur kynnti drög að ársreikning BÁ fyrir árið 2024. Umræður um einstaka liði. Stjórn samþykkir ársreikning BÁ 2024.

2. **Staða mála í undirbúningsvinnu vegna Björgunarmiðstöðvar á Flúðum**

Pétur fór yfir stöðuna á undirbúningsvinnu vegna byggingarframkvæmdar á Flúðum. Tilboðin sem komu í húsið kynnt og niðurstaða byggingarnefndarinnar sem var að semja við Byggingatækni um kaup á húsinu. Stjórn samþykkir að tilboði frá Byggingatækni verði tekið og skrifað undir 14.apríl nk. Umræður um greiðslur til nefndarmanna fyrir fundi. Samþykkt að búa til verklagsreglur/erindisbréf fyrir vinnu í verkefnavinnu stjórnarmanna til að eiga fyrir þetta verkefni og verkefni framtíðarinnar og leggja fyrir næsta stjórnarfund.

3. **Staða kjarasamninga slökkviliðsmanna.**

Pétur sagði frá því að kjarasamningur LSOS og SÍS hafi verið felldur og því enn unnið að nýjum samningi. Uppfærð launaáætlun fyrir 2025 verður unnin þegar nýr samningur tekur gildi og búast má við að launaáætlun 2025 muni hækka nokkuð við þessa samninga. Óvíst hvort launaáætlun verði tilbúin fyrir aðalfund í vor.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið kl. 9:07

Undirritunarsíða

Formaður stjórnar
Helgi Kjartansson

Árni Eiríksson

Bragi Bjarnason

Fjóla Steindóra Kristinsdóttir

Sandra Sigurðardóttir

Slökkviliðsstjóri
Pétur Pétursson

Varaslökkviliðsstjóri
Lárus Kristinn Guðmundsson

Fundarritari
Unna Björg Ögmundsdóttir